

Minnisblað

Til:
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 20. júlí 2018
Mnr. 2018040002



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Umsögn Hornstrandanefndar 21. júní 2018

Hornstrandanefnd gerir eftirfarandi athugasemd, þ.e. að „með þessu afmarkaða deiliskipulagi er verið að skipta upp lóðum án þess að deiliskipuleggja allt svæðið sem byggingarrétturinn nær til. Ekki hefur verið gefið út hvernig byggingaleyfin eiga að skipta á milli jarðanna. Einnig er ekkert getið um innviði í þessu afmarkaða deiliskipulagi eins og vegi og gönguleiðir að lendingarstað o.s.frv.“

Landeigendum Sæborgar er heimilt að gera afmarkað deiliskipulag fyrir sína jörð með vísan í gr. 5.1.2., gr. 5.1.3, og gr. 5.3.1. í skipulagsreglugerð 90/2013

Jafnfram er bent á að fordæmi eru fyrir afmörkuðu deiliskipulagi fyrir Sæból, í Aðalvík, þ.e. deiliskipulag fyrir Hjálmsfríðarból samþykkt í bæjarstjórn 26. Júní 1997 og Atlastaðir í Fljótavík samþykkt í bæjarstjórn 20.04.2008 og fyrir Atlastaði og Geirmundarstaði samþykkt í bæjarstjórn 15.07.2010

Að synja eigendum Sæborgar um slíkt hið sama getur talist sem brot á 11. gr. Stjórnsýslulaga þ.e. jafnræðisreglu stjórnsýslulaga, að fresta erindi m.t.t. annarra landeigenda s.s. við Sæból og Garða getur mögulega talist til brotum á stjórnsýslulaga 9.gr þ.e. málshraði.

Hvað varðar úthlutunaraðferðir þá er það ekki hlutverk starfsmanna Ísafjarðarbæjar að vega og meta hver eigi stakan byggingarrétt, það hefur ekki verið útfært nánar í aðalskipulagi, né vitað hvort það hafi staðið til. Heldur er horft til ákvæða nógildandi aðalskipulags- og þeirra laga og reglugerða sem er í gildi s.s. byggingarreglugerðar 112/2012, skipulagsreglugerðar 90/2013 og hvort umsækjandi uppfylli skilyrði þar eru sett. Landeigendur Garða og Sæbóls sæta jafnræðis m.t.t. laganna og geta sótt um byggingarleyfi til jafns við landeigendur Sæborgar að uppfylltum ákvæðum aðalskipulags og m.t.t. skipulags- og byggingarreglugerðar.

Varðandi lendingarstað þá fer það eftir stefnu úthafsöldu, straumum, vindöldu og vindátt og erfitt að skilgreina einn stað m.t.t. þessa þátta. Horfa verður til öryggis sæfarenda, vega þarf aðstæður hverju sinni þegar lendingarstaður er valinn. Lendingarstaður getur verið hvar sem er í vikinni m.t.t. ofangreindra þátta.

Taka skal tillit til athugasemda um innviði, þ.e. í greinargerð hvort fyrirhuguð sé stígagerð, eða aðrar framkvæmdir sem hafa í för með sér jarðrask. Sýna skal á uppdraetti stíga, vegi, gönguleiðir sem fyrir eru. Jafnframt geta þess í greinargerð að öll vikin getur verið lendingastaður m.t.t. aðstæðna hverju sinni.